

Fundargerð 945. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, miðvikudaginn 28. febrúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Staða kjaramála - 2301032SA

Formaður, framkvæmdastjóri, formaður samninganefndar og starfsfólk á þróunarsviði gerðu grein fyrir stöðu kjaramála og kostnaðarútreikninga við þau verkefni sem eru á borðinu.

Fundi frestað kl. 13:45.

Stjórn felur formanni að kanna hug stjórnvalda til hugmynda sem komu upp á fundinum um að horft verði meðal annars til ótekjutengdra barnabóta eða annarra leiða til að styðja við barnafjölskyldur.

Formanni falið að boða framhaldsfund þegar svar er komið við þeim hugmyndum.

Fundi haldið áfram 1. mars kl. 12.00.

Fundi frestað aftur kl. 13:10 til að taka þátt í samráðfundi með framkvæmdastjórum sveitarfélaga um stöðu í kjaraviðræðum.

Fundi haldið áfram 1. mars. kl. 14:50.

Á fundinum ákvað stjórn að leggja til eftirfarandi orðalag inn í sameiginlega yfirlýsingu ríkis og sveitarfélaga varðandi skólamáltíðir:

Leitað verði leiða við að útfæra áherslur um að skólamáltíðir í grunnskóla verði gjaldfrjálssar frá og með ágúst 2024 til loka samningstíma. Ríkið og Samband íslenskra sveitarfélaga vinni sameiginlega að útfærslu á fjármögnun.

Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir að skrifa undir yfirlýsingu um sameiginlegar aðgerðir ríkis og sveitarfélaga í tengslum við kjarasamninga.

Varðandi gjaldfrjársara skólamáltíðir samþykkti stjórn samhljóða eftirfarandi bókun:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga óskar eftir því að ríkisvaldið leiti annarra leiða við að útfæra markmið um gjaldfrjársar skólamáltíðir en beint í gegnum gjaldskrár sveitarfélaga. Stjórnin er reiðubúin til samtals um málið á breiðum grundvelli með það að leiðarljósi að tryggja barnafjölskyldum kjarabætur og velferð.

Fundi var slitið kl. 15:40.